



SOCIAL SCIENCE
RESEARCH INSTITUTE
UNIVERSITY OF ICELAND

Háskóli Íslands

Fréttabréf SÆNS

Árgangur 3, tölublað 1

Mars 2012

Skýrslur um þróun og stefnumótun

Fréttir:

Blaðsíða 2 er tileinkuð alþjóðlegu málþingi um stefnumótun og starfsferilþróun.

Á blaðsíðu 3 er að finna sýnishorn úr skýrslu SÆNS um uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf.

Í síðasta Fréttabréfi SÆNS var gerð grein fyrir starfi á setrinu síðasta haust. Þar bar hæst útgáfa og kynning á skýrslu um raddir fullorðna í náms- og starfsráðgjöf og vettvangsheimsóknir á vegum ELGPN (evrópskt samstarfsnet um stefnu í náms- og starfsráðgjöf). Danir hafa nýlega tekið upp vefráðgjöf (e-guidance) og fengu fulltrúar í vinnupakka ELGPN, um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, kynningu á danska upplýsinga- og ráðgjafarkerfinu (www.ug.dk). Náms og starfsráðgjafar virðast duglegir við að nýta sér kerfið í vinnu sinni og hefur vefráðgjöfin verið að sækja í sig veðrið.

Greinilegt var að upplýsingavefur um nám og störf og rafræn ráðgjöf gegna mikilvægu hlutverki í náms- og starfsráðgjöf í Danmörku. Þetta eru gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem áhuga hafa á uppbyggingu upplýsinga- og ráðgjafarkerfis á Íslandi. Ljóst er að við getum lært af nágrönnum okkar hvernig best er að byggja upp svona heildstætt kerfi sem nýtist vel þeim sem á þurfa að halda.

Áætlun um nýtingu upplýsinga- og samskiptækni í ráðgjöf

Nýlega kom út skýrsla SÆNS um uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf. Sérfræðisetrið fékk styrk

Starfsmenntaráðs til að vinna þarfagreiningu og framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf á Íslandi. Í þessu Frétta-bréfi SÆNS er gerð grein fyrir nokkrum helstu niðurstöðum skýrslunnar.

Stefnumótun erlendis

Einnig verður gerð grein fyrir ferð Dr. Guðbjargar Vilhjálmisdóttur til Búdapest í desember sl. á alþjóðlegt málþing um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland á fulltrúa á þinginu. Næsta þing fer fram í Helsinki og vonandi fer þang -að fullskipað teymi frá Íslandi.

Alþjóðlegt málþing um starfsferilþróun og stefnumótun

Sjötta alþjóðlega málþingið um starfsferilsþróun og stefnumótun (The sixth International Symposium on Career Development and Public Policy) fór fram í Búdapest 5.-7. desember

sl. Málþingið sóttu 127 fulltrúar frá 31 landi og átti Ísland áheyrnafulltrúa á þinginu í fyrsta sinn. Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf tók þátt fyrir

hönd Íslands. Markmið málþingsins er að efla samræður og tengsl milli stefnumótenda í náms- og starfsráðgjöf á sviði menntunar, atvinnulífs, hagþróunar og félagslegar samlögunar (social inclusion). Nánari upplýsingar um þingið er á opnu Fréttabréfsins.

SÆNS

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

Skilaboð frá Búdapest um stefnumótun og starfsferilþróun

Til að nýta upplýsinga – og samskiptatækni sem best þarf að huga að fjármagni, hönnun forrita og þjálfun fagfólks sem á að nota tæknina.

Á málþinginu í Búdapest voru fjögur þemu:

1. Breytingar á sviði stjórn mála, efnahags og samfélags og breytt hlutverk náms- og starfsráðgjafar
2. Stefnumótun á sviði ævilangrar náms- og starfsráðgjafar sem eins liðs í mannauðsstefnu, áskoranir og tækifæri.
3. Breyttur heimur og breytt hlutverk náms- og starfsráðgjafa. Leikni og hæfni náms- og starfsráðgjafa.
4. Framkvæmd sem byggir á fræðilegu mati; stefna sem byggir á fræðilegu mati (evidence-based practice and policies).

Í lok málþings voru gefnar út helstu niðurstöður (communiqué) sem fulltrúar geta deilt með stefnumótendum í sínu heimalandi.

Mikil áhersla var lögð á hlutverk náms- og starfsráðgjafar í efnahagsþrengingum og bent á breytan veruleika víða þar sem einstaklingar þurfa að endurskoða náms- og starfsferil sinn oftár á ævinni en áður.

ELGPN samstarfið fær töluverða umfjöllun og mælt er með aukinni samvinnu við önnur lönd, stofnanir og heimsálfur.

Löndin eru hvött til að búa til gæðastaðla (quality assurance framework) þar sem hlutverk náms- og starfsráðgjafar á öllum stigum er skilgreint sem og hæfni ráðgjafa. Nánar má lesu um þetta á www.saens.hi.is

- **Nýja-Sjáland:** Til að hægt sé að nýta upplýsinga- og samskiptatækni til fulls þarf að tryggja fjármagn, huga þarf að hönnun forrita og þekking fagmanna á notkun kerfis og tækninnar þarf að vera til staðar. (Lester Oakes, forseti IAEVG).
- **Austurríki:** Í ráðgjafarnefndinni í Austurríki sitja fulltrúar allra ráðuneyta og allra mikilvægra stofnana. (Peter Hartel, leiðtogi vinnupakka 3 ELGPN).
- **Þýskaland:** Kynnt var öflugt náms- og starfsráðgjafakerfi sem tengist einnig stefnumótun og mati www.forum-beratung.de. (Bernhard Jenschke, sérfræðingur).
- **Boston, USA:** Scott Solberg kynnti notkun ferilmappa (portfolios) í einstaklingsáætlunum. Hann lagði til samstarf við hagfræðinga í matsvinnu svo hægt sé að skoða vel fjárhagslega hlið náms- og starfsráðgjafar.
- **Kanada:** Náms- og starfsráðgjafar í Quebec eru með lögverndun og eru eina landið utan Íslands sem hefur lögverndun á þessu sviði. Vert væri að skoða þeirra reynslu af lögvernduninni.
- **Pólland:** Pólverjar hafa hannað yfirgripsmikið matskerfi fyrir náms- og starfsráðgjöf. Sjá nánar skýrslu ELGPN 2008-2010.

Það er greinilega kraftur í uppbyggingu náms- og starfsráðgjafar á heimsvísu.

„Frumskógur“ upplýsinga um nám og störf

Við gerð þarfagreiningar á uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf á Íslandi var leitað eftir álitni fólks í fjórum rýnihópum vorið 2011. Þátttakendur voru á aldrinum 23-57 ára.

Upplýsingar um störf og námsleiðir á einum stað

Í ljós kom að þátttakendur töldu það mikinn kost að geta fundið upplýsingar um störf og námsleiðir á einum stað. Einn viðmælandi lýsti leit sinni að upplýsingum um ákveðið nám svona: *...mér finnst ég ekki finna eitthvað það mikið, hvert ég á að leita, hvað ég get tekið, hvað er þetta langt nám og hver er kostnaðurinn. Ég sit einhvern veginn á hakanum og geri ekki neitt.*

Tenging nám við störf

Viðmælandur töldu mikilvægt að tengja betur nám við störf. Þeim fannst ekki alltaf ljóst hvaða störf væri hægt að vinna að námi loknu og töldu ekki nægilega góða tengingu náms við vinnumarkaðinn.

Upplýsingar um störf

Einnig kom fram að upplýsingar um störf væru ekki auðfundnar og þau hefðu áhuga á að vita meira um störfin sjálf, til dæmis laun, vinnutíma, framtíðarhorfur á vinnumarkaði og eðli starfsins.

Reynslusögur

Þátttakendur töldu mikilvægt að hafa reynslusögur og dæmisögur um t.d. starfsskipti eða leiðir til árangurs í starfi. Einn viðmælandi nefndi möguleika á að gera stutt myndbönd þar sem rætt er við fólk í ýmsum störfum. Þetta er víða gert vel á þeim upplýsingakerfum sem talin eru til fyrirmyndar.

Rafræn ráðgjöf

Þátttakendum leist vel á að hafa aukinn aðgang að náms- og starfsráðgjöf og nota til þess nýjustu tækni. Danir hafa t.d. nýlega bætt við rafrænni ráðgjöf (e-guidance) sem gefið hefur góða raun. Ráðþegar hafa möguleika á að nota spjall, síma eða tölvupóst í samskiptum við ráðgjafa.

Myndræn framsetning

Framsetning á efninu sem er í boði í upplýsinga- og ráðgjafarkerfinu skiptir miklu máli. Myndir, myndbönd og skýr texti skiptir máli, sem og að upplýsingarnar séu réttar og settar skipulega fram.

Einnig töldu viðmælandur í rýnihópum að áhugasviðskannanir og sjálfskannanir mikilvægar til að gera síðuna aðlaðandi fyrir notendur.

Þátttakendur í rýnihópunum voru jákvæðir gagnvart hugmyndinni um íslenskt upplýsinga- og ráðgjafarkerfi.

“einn viðmælandi nefndi möguleika á að gera stutt myndbönd þar sem rætt er við fólk í ýmsum störfum”

Víðtækt samstarf nauðsynlegt

Til að öflugt upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf verði að veruleika á Íslandi er þörf á víðtæku samstarfi.

Ljóst er að upplýsingar um nám og störf eru víða á veraldarvefnum en ákjósanlegast er að almenningur geti sótt þær á einn stað. Upplýsingarnar þurfa að vera samræmdar, vel skipulagðar og uppfærðar reglulega. Samstarf margra er lykill að velheppnuðu kerfi en mjög margir hafa hag að því að hægt sé að finna upplýsingar og fá ráðgjöf um nám og störf á einfaldan og skjótan hátt. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins þurfa að vinna saman bæði við þróun og svo einnig

við rekstur og viðhaldi á kerfinu.

Einnig eigum við að nýta vel erlenda samstarfsaðila í ELGPN og hafa þekkingu og reynslu þaðan að leiðarljósi við uppbyggingu kerfisins.

Til að upplýsinga- og ráðgjafarkerfi virki sem best er nauðsynlegt að hafa notendur ávallt í huga við gerð og þróun kerfisins.

Helstu kostir við öflugt samstarf helstu hagsmunaaðila eru t.d. að kostnaður dreifist á marga, þarfir notandans verða í forgrunni við hönnun kerfisins og samvinnan verður til þess að auka skilning á milli aðila. Frekari upplýsingar er að finna í skýrslu SÆNS á www.saens.hi.is



Margir þurfa aðstoð við að rata á rétta braut á náms- og starfsferlinum

Starfið á Sérfræðisetrinu

Norrænni rannsókn lokið

Á síðasta ári lauk norrænni rannsókn um gæði náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna á Norðurlöndum og þátttöku þeirra í skipulagi og uppbyggingu þjónustunnar. Ítarleg rannsóknarskýrsla var gefin út síðasta sumar og hægt er að nálgast hana á heimasíðu SÆNS.

Kynning á skýrslu

SÆNS fékk styrk Starfsmenntaráðs til að framkvæma þarfagreiningu og framkvæmdaráætlun um uppbyggingu á upplýsinga- og ráðgjafakerfi um nám og störf á Íslandi. Skýrsla er komin út með helstu niðurstöðum en kynning á skýrslunni fer fram næstu vikur og mánuði.

ELGPN heldur áfram

Ísland leiðir vinnupakka um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf ásamt Frökkum í ELGPN samstarfinu. SÆNS sér um framkvæmd verkefnisins í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framundan eru fundir í Póllandi og Danmörku þar sem unnið verður að gerð handbókar um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Einnig er verið að vinna að einskona orðalista (glossary) þar sem helstu hugtök náms- og starfsráðgjafar eru skilgreind. Stefnt er að útgáfu þessara gagna næsta haust og mun kynning á þeim fara fram hér á landi í kjölfarið.



Guðrún Birna Kjartansdóttir
Janúar 2012

SÆNS | Sérfræðisetur í ævilangri
náms- og starfsráðgjöf

Heimasíða SÆNS www.saens.hi.is

Á heimasíðu Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er að finna ýmislegt fróðlegt og gagnlegt:

- Upplýsingar um rannsóknir og samstarfsverkefni SÆNS.
- Lista yfir upplýsingaveitur um nám og störf.
- Innlendir og erlendar skýrslur og greinar um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.
- Fréttir um það helsta sem tengist SÆNS.

SÆNS

Sérfræðisetur í ævilangri
náms- og starfsráðgjöf



EUROPEAN LIFELONG
GUIDANCE POLICY
NETWORK